

Fimmtudaginn 29. maí 1997.

Nr. 67/1997.

Ákærvaldið

(Sigríður Jósefsdóttir saksóknari)

gegn

Guðbergi Þór Garðarssyni

(Valgeir Kristinsson hrl.)

Virðisaukaskattur. Fjárdráttur. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Garðar Gíslason og Guðrún Erlendsdóttir.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. febrúar 1997 í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun. Ákærði krefst endurskoðunar héraðsdóms samkvæmt a-, b- og c-lið 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. lög nr. 37/1994. Krefst hann sýknu af öllum kröfum ákærvalds. Ákærvald krefst staðfestingar héraðsdóms, þó þannig, að refsing ákærða verði þyngd.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Eins og fram kemur í héraðsdómi, játaði ákærði að hafa framið þau brot, sem hann er ákærður fyrir. Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta sakarmat hans og færslu til refsí-
ákvæða.

Í ákæru eru vanskil ákærða á virðisaukaskatti talin nema 515.970 krónum. Ákærði krefst þess, að frá þeirri fjárhæð verði dreginn endurgreiddur virðisaukaskattur og fjárhæð, sem hann hafi tvígreitt. Af hálfu ákærða hefur ekkert verið fært fram, sem réttlætir þessa kröfu, en gögn málsins sýna ótvírætt, að ekki voru réttilega staðin skil á virðisaukaskatti og lífeyrisiðgjöldum.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í þrjá mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún niður falla að liðnum tveimur árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá greiði ákærði 250.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi 40 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppsögu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest, en ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Guðbergur Þór Garðarsson, sæti fangelsi í 3 mánuði, en fresta skal fullnustu þeirrar refsingar og hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði 250.000 krónur í sekt til ríkissjóðs, og komi 40 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá uppsögu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skal vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Valgeirs Kristinssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 20. desember 1996.

Ár 1966, föstudaginn 20. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Brekkugötu 2, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannesyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-234/1996: Ákærvaldið gegn Guðbergi Þór Garðarssyni, sem dómtekið var 10. desember sl.

Málið er með ákæruskjali, dags. 30. apríl sl., höfðað gegn Guðbergi Þór Garðarssyni, Háabergi 24, Hafnarfirði, kt. 030361-2459, sem stjórnarformanni og framkvæmdastjóra Kokksins hf., veislueldhúss, Garðakaupstað, kt. 531288-1229, sem úrskurðað var gjaldþrota 26. maí 1995, „fyrir fjárdrátt og brot á skattalögum, frömdum í rekstri félagsins á tímabilinu 1991–1995.

I. Brot á lögum um virðisaukaskatt.

Ákærða er gefið að sök að hafa á árunum 1992 til 1994 vanrækt að standa skil á virðisaukaskatti, 515.970 kr., sem innheimtur var og sundurliðast þannig:

Árið 1992:

Nóvember–desember

Ógreiddur
virðisauka-
skattur

kr. 142.282

Árið 1993:

Janúar–febrúar	kr.	19.586		
Mars–apríl	–	66.611		
Maí–júní	–	202.135		
Nóvember–desember	–	85.356	kr.	373.688
			<u>Samtals</u>	<u>kr. 515.970</u>

Telst þetta varða við 1. mgr. 40. gr. laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988, sbr. nú 3. gr. laga nr. 42/1995.

II. Fjárdráttur.

1. Lífeyrissjóður Félags starfsfólks í veitingahúsum.

Árið 1992:

Október	kr.	8.915		
Nóvember	–	10.654		
Desember	–	7.264	kr.	26.833

Árið 1993:

Janúar	kr.	4.903		
Febrúar	–	5.153		
Mars	–	6.355		
Apríl	–	6.872		
Maí	–	4.803		
Júní	–	16.992		
Júlí	–	903		
Ágúst	–	2.400		
September	–	1.859		
Október	–	1.684		
Nóvember	–	2.187	kr.	54.111
			kr.	80.944

2. Lífeyrissjóður matreiðslumanna.

Árið 1991:

Nóvember	kr.	5.253		
Desember	–	3.966	kr.	9.219

Árið 1992:

Janúar	kr.	5.288		
Febrúar	–	5.773		
Mars	–	6.222		
Apríl	–	6.328		

1776

Maí	kr.	5.006		
Júní	–	3.966		
Júlí	–	2.469		
Ágúst	–	3.427		
September	–	5.207		
Október	–	5.729		
Nóvember	–	4.716		
Desember	–	6.368	kr.	60.499
<hr/>				
Árið 1993:				
Janúar	kr.	4.197		
Febrúar	–	6.124		
Mars	–	4.960	kr.	15.281
			kr.	84.999
			<hr/>	
			Samtals	kr. 165.943
			<hr/>	

Telst þetta varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Frá því að mál þetta var þingfest 5. júní sl., hefur það verið tekið fyrir átta sinnum og frestað vegna gagnaöflunar af hálfu ákærða. Ekki leiddi það samt til þess, að neitt það kæmi fram um ætluð brot ákærða á lögum um virðisaukaskatt, sem gæfi tilefni til breytingar á I. kafla ákæru, en hins vegar hefur ákæruvaldið fallið frá þeim ákæruatriðum í II. kafla ákæru, er varða vanskil á lífeyrissjóðsgjöldum til Lífeyrissjóðs Félags starfsfólks í veitingahúsum árið 1992 og svo á árinu 1993 frá janúar til júniflaka, alls 71.911 kr., en ekki komu fram launaseðlar um, að þessi iðgjaldaafsláttur hefði orðið í fyrirtækinu Kokkinum hf., veislueldhúsi.

Málið er dæmt samkvæmt 1. mgr. 125. gr. laga nr. 19/1991. Með skýlausri játningu ákærða þykir sannað, að hann hafi framið þau brot, sem honum eru gefin að sök í ákæru, eins og henni hefur nú verið breytt, og þar eru réttilega færð til refsíakvæða. Ákærði hefur vísað til þess, að vanskil sín á virðisaukaskattinum stafi aðallega af því, að um endurálagningu skatts hafi verið að ræða, sem hann hafi búist við að mega greiða á löngum tíma, en hún komið í lok rekstrar Kokksins, veislueldhúss hf. Þá er og vísað til endurgreiðslu á virðisaukaskatti, sem félagið hafði átt rétt á, en skv. fram lögðum gögnum virðist þar vísað til ársins 1994, en vanskil, sem tilgreind eru í ákæru, eru ekki vegna þess árs.

Ákærði var stjórnarformaður og framkvæmdastjóri Kokksins, veislueldhúss hf., og bar því ábyrgð á, að skil yrðu gerð á virðisaukaskattinum og félagsgjöldum, sem tilgreind eru í ákæru, en ekki er samt fram komið, að um

vanrækslu hafi verið að ræða um að skila virðisaukaskattsskýrslum, þó að þar virðist hafa verið vanskil um að leggja til lífeyrissjóða skilagreinar um afdregin iðgjöld til sjóðanna.

Refsing ákærða, sem hefur ekki áður sætt refsingu, þykir með vísan í framangreind refsíákvæði og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin þannig, að hann greiði 200.000 krónur í sekt til ríkissjóðs, og komi 16 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, en enn fremur sæti hann fangelsi í einn mánuð, en eftir atvikum þykir rétt að fresta fullnustu þeirrar refsingar, og niður skal hún falla að liðnum tveimur árum, haldi ákærði almennt skilorð samkv. 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 22/1955.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun, til skipaðs verjanda síns, Valgeirs Kristinssonar hrl., sem ákveðast 55.000 krónur auk virðisaukaskatts.

Kröfu ákæruvaldsins um, að ákærða verði gert að greiða saksóknarlaun í ríkissjóð, er hafnað, þar eð málið var ekki sótt og varið, og ákæruvaldið hefur sjálft markað þá stefnu, að þóknun til þess eða málsóknarlaun séu ekki við hæfi í tilviki sem þessu.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Guðbergur Þór Garðarsson, greiði 200.000 krónur í sekt, og komi 16 daga varðhald í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði sæti og fangelsi í einn mánuð, en fresta skal fullnustu þeirrar refsingar, og niður skal hún falla að liðnum tveimur árum, haldi ákærði almennt skilorð samkv. 57. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Valgeirs Kristinssonar hrl., 55.000 krónur auk virðisaukaskatts.
